



## 2. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, fimmtudaginn 19. ágúst 2021.

---

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18.00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvardsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Lára Berglind Helgadóttir (LBH) og Reynir Ingi Árnason (RIÁ)

Mættir starfsmenn:

Kistrún Kristjánsdóttir (KK) framkvæmdastjóri  
Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) íþróttafulltrúi

### Dagskrá:

#### 1. Fréttir af skrifstofu

##### Stundartafla:

Hanna Björk ræddi um samræmingu stundartöflunnar en það verkefni hófst formlega í vor. Haldnir hafa verið margir fundir á síðastliðnum mánuðum og hefur gengið ágætlega að ná utam um verkefnið. En nokkrir hnökkrar eru endasprettinum á þessari samræmingu og verður boðað til fundar með aðalstjórn og hlutaðeigandi aðilum til að klára verkefnið svo hægt sé að gefa út stundartöfluna. Markmið er að á næsta ári verði engir árekstrar í töflu hjá 1. – 4. Bekk.

##### Sessor og stafræn umbreyting:

Hafin er vinnan með Sessor vegna stafrænnar umbreytingar á bókhaldi en á áætlað verklok er í kringum áramótin.

#### 2. Stigatafla á Fagverksvelli

Stigataflan á Fagverksverki er klár til uppsetningar. Ítrekað hefur félagið verið svikið um afhendingu stálgrindar og leitað var til nýs verktaka þar, þar að leiðandi hefur kostnaður farið nokkuð fram úr áætlun. Áætluð uppsetning á töflunni er í lok ágúst.

#### 3. Liðsheild

Aðalstjórn langar til að byggja upp traust og auka liðsheildina í félaginu og ætlar að fá til þess hjálp frá Kvan.

Aðalstjórn og skrifstofa Aftureldingar mun funda með Kvan og í framhaldi að fá erindi frá Kvan á starfsdegi Aftureldingar og vinna þetta verkefni áfram.

#### 4. Félagsmerkið á nýju treyjuranr

Umræða um svart logó Aftureldingar á æfingarfatnað og samþykkti Aðalstjórn að það mætti. Upprunalegt logó verður þó alltaf að vera á keppnistreyjum.



## 5. Önnur mál

Styrktarþjálfun: Elding að rukka fyrir æfingaaðstöðu fyrir BUR sem við vorum í góðri trú um að við værum með aðgengi að. Þetta fyrirkomulag er ekki það sem lagt var upp með og verður rætt á fundi með fulltrúum mosfellsbæjar.

Formaður knattspyrnudeildar fundaði fyrir skömmu með fulltrúum aðalstjórnar og viðraði hugmyndir um auka stöðugildi sem gæti nýst deildinni. Ef aðalstjórn fær auka stöðugildi yrði það til nýtingar fyrir félagið í heild sinni og allir mundu njóta góðs af því, enda skrifstofan rekin á lágmarksmannafla.

### Fundi slitlið kl.20:30

Kristrún Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.